

Akureyri, 4. desember 2014

## GREINARGERÐ MEÐ ÚTGÁFU STARFSLEYFIS FYRIR ÍSLENSKA MATORKU EHF. FELLSMÚLA

---

### INNGANGUR

Matorka ehf. hefur verið veitt starfsleyfi fyrir framleiðslu á allt 350 tonnum á ári, af bleikju- og borraseiðum. Leyfið gildir ekki til slátrunar. Starfsleyfið gildir til 4. desember 2030.

Umhverfisstofnun auglýsti opinberlega tillögu að starfsleyfi á tímabilinu 28. ágúst til 28. október 2014.

Tillagan var auk opinberrar auglýsingar, sérstaklega send til umsagnar hjá Heilbrigðisnefnd Suðurlands, Orkustofnun, Brunavarna Rangárvallasýslu, Matvælastofnunar, Fiskistofu, Skipulagsstofnunar, Rangárþings ytra og Matorku ehf.

### ATHUGASEMDIR UMSAGNARAÐILA OG VIÐBRÖGÐ UMHVERFISSTOFNUNAR

Umsagnir og athugasemdir komu frá tveimur aðilum á auglýsingatímanum. Eftirfarandi athugasemdir komu fram:

- Skipulagsstofnun veur athygli á því að við ákvörðun um matsskyldu framkvæmdarinnar, skv. lögum nr. 106/2000, kynnti Íslensk matorka ehf. eldi á 100 tonnum af bleikju og 250 tonnum af borra, samtals 350 tonn á ári og að meðallífmassi á hverjum tíma í fullbyggðri stöð verði um 30 tonn af bleikju og 85 tonn af borra. Starfsleyfistillagan gerir hins vegar ráð fyrir framleiðslu á sama heildarmagni, 350 tonn á ári, óháð magni hvorrar tegundar fyrir sig. Stofnunin telur frávík sem tillagan gerir ráð fyrir ekki vera verulegt m.t.t. úrgangsmýndunar í affallsvatni, eða hitastigi þess og hugsanlegra áhrifa á vistkerfi Minnivallalækjar.
  - Þar sem ekki er talið að það hafi áhrif á úrgangsmýndun eða neikvæð áhrif á vistkerfi Minnivallalækjar þá var ákveðið að skilgreina magn eldisfisks ekki niður á hvora tegund fyrir sig þar sem það gefur meira svigrúm ef breyta þarf áherslum í eldinu.
- Skipulagsstofnun veur athygli á því að í kafla 2.4. Efnalosun, að heimilað er allt að 60 kg N/framleitt tonn, þegar framkvæmdaraðili lýsti því í gögnum vegna ákvörðunar um matsskyldu að við eldi samkvæmt hefðbundnum aðferðum væri þetta magn 31,2 kg en hann stefndi að því að það yrði um 20 kg með nýrri eldisaðferð.
  - Í samráði við rekstraraðila þá voru gildi niturs færð í 20 kg N/framleitt tonn til samræmis við það sem fram kemur í starfsleyfisumsókn rekstraraðila.
- Skipulagsstofnun bendir á að í ákvörðun Skipulagsstofnunar ummatsskyldu voru ábendingar er vörðuðu staðsetningu byggingarreita, verndarsvæðis vegna vatnsöflunar, fráveitur og ljósmengunar. Vakin er athygli Umhverfisstofnunar á því sem fram kemur í deiliskipulagi svæðisins, ef það hefur ekki þegar verið haft til hliðsjónar.



- Deiliskipulag tók gildi þann 6. janúar 2014 og er það mat Umhverfisstofnunar að ábendingar þær er koma fram í álitum Skipulagsstofnunar líti ekki beint að þeim atriðum sem miðað er við, við gerð starfsleyfis fyrir mengandi starfsemi. Þær athugasemdir séu frekar til skipulagsaðila og sveitastjórnar. Ekki er gerð krafa um að byggingar eldisstöðvarinnar verði færðar en komi til nýbyggingar þá ber að fylgja gildandi lögum hvað það varðar. Aðgangur gangandi manna er ekki heftur við lækjarbakkann þó svo að stöðin liggi mjög nálægt honum. Bent er einnig á að við hlið stöðvarinnar er brú yfir Minnivallalæk þar sem hægt er að komast að bakkanum hinu megin lækjarins. Rekstraraðili fullyrðir að ljósmengun frá gróðurhúsum sé nánast engin og sé lýsingin mjög lítil í sjálfu sér þar sem ljósperur séu yfir kerum en nær ekki til náganna. Verndarsvæði fyrir vatnstöku eru skilgreind á nýju deiliskipulagi. Engin breyting er á stöðu frárennslis út í Minnivallalæk en sett hefur verið ný setþró sem á að ná allt að 70-80% af lífrænum leifum úr frárennslinu skv. uppl. frá rekstraraðila.
- Heilbrigðisnefnd Suðurlands gerir athugasemdir við stafsetningar og tilvísanir í 9. liðum og hafa þeir allir verið lagfærðir skv. þeim ábendingum.

## AÐRAR BREYTINGAR SEM UMHVERFISSTOFNUN GERÐI FRÁ AUGLÝSTRI TILLÖGU

- Umhverfisstofnun bætti við starfsleyfið frá auglýstri tillögu, kafla um umhverfisábyrgð sem hljóðar svo: Rekstraraðili ber ábyrgð á umhverfistjóni eða yfirvofandi hættu á slíku tjóni af völdum atvinnustarfsemi sbr. lög nr. 55/2012, um umhverfisábyrgð, og skal koma í veg fyrir tjón eða bæta úr tjóni ef það hefur orðið og bera kostnað af ráðstöfunum sem af því leiðir.
- Leyfið var auglýst í röngum eftirlitsflokki en rétt er að starfsleyfi fyrir Íslenska matorku ehf. flokkast í 2. eftirlitsflokk skv. reglugerð nr. 1288 frá 20. desember 2012, um breytingu á reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.
- Breyting var gerð á gr 1.1 þar sem setningunni: Rekstraraðila ber að uppfylla gildandi lög og reglugerðir á starfssviði sínu og frágangur og starfsemi skal vera í samræmi við gildandi deiliskipulag var bætt við síðustu málsgreinina.
- Breyting var gerð á gr 1.9 um upplýsingarétt almennings þar sem tekið var út orðið eftirlitsniðurstöður í fyrstu línu annarar málsgreinar og þess í stað sett orðið niðurstöður. Einnig var bætt við í sömu línu á eftir grein 1.3, og 1.8.
- Breyting var gerð á gr. 2.4 um efnalosun þar sem losunarmörk niturs í frárennslu voru færð úr 60 kg N/framleitt tonn niður í 20 kg N/framleitt tonn skv. umsóknargögnum.
- Innsláttarvillur og orðalag lagað á stöku stað.